

Reglugerð nr. 30.3 um Meistaramót í lengri hlaupum, utanhúss

1. Mótsþættir

- 1.1. Meistaramót Íslands í 10.000 metra hlaupi á braut, karla og kvenna.
- 1.2. Meistaramót Íslands í 100 km götuhlaupi, karla og kvenna.
- 1.3. Meistaramót Íslands í maraþoni, karla og kvenna.
- 1.4. Meistaramót Íslands í hálfmaraþoni, karla og kvenna.
- 1.5. Meistaramót Íslands í 5 km götuhlaupi, karla og kvenna.
- 1.6. Meistaramót Íslands í 10 km götuhlaup, karla og kvenna.
- 1.7. Meistaramót Íslands í víðavangshlaup, karla og kvenna

2. Framkvæmd

Öll meistaramót í lengri hlaupum má framkvæma sem hluta af öðrum viðburðum, eða tengt öðrum viðburðum.

3. Verðlaun

- 3.1 Útgáfa Meistaramótsverðlaunapeninga skal vera í höndum FRÍ.
- 3.2 Keppt er um sæmdartítilinn, Íslandsmeistari í mótsþáttum samkv. 1. gr. Veitt eru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í opnum flokki karla og kvenna.
- 3.3 Keppt er um Íslandsmeistaratitla í öllum aldursflokkum samkvæmt reglugerð nr. 26. um aldursflokka. Eingöngu eru veitt verðlaun fyrir fyrsta sæti karla og kvenna í aldursflokkum.

4. Keppnisréttur

Allir íslenskir ríkisborgarar sem skrá sig til þátttöku í ofangreind hlaup eru sjálfkrafa skráðir þátttakendur í Íslandsmeistaramót.

Einungis íslenskur ríkisborgari skráður í aðildarfélag FRÍ getur orðið Íslandsmeistari og átt tilkall til verðlauna samkv. gr. 3.2.

Einungis íslenskur ríkisborgari getur orðið Íslandsmeistari í aldursflokki samkv. gr. 3.3, 18 ára og eldri þurfa að vera skráð í aðildarfélag. Ekki er gerð krafa um að yngri en 18 ára séu skráð í aðildarfélag.

5. Önnur ákvæði

1. Meistaramót Íslands skal að öllu öðru leyti, en því sem lýst er í greinum 1 - 3, fara fram eftir reglum World Athletics, að undanskildum gr. 25.5. í Sérkeppnisreglum FRÍ um auglýsingar á búningum.
2. Keppendur skulu keppa í félagsbúningi.

Saga

1. Gefið út sem sér reglugerð samkvæmt samþykkt á þingi 2024
2. Uppfært fyrir formannafund í des 2024. Ákvæði sem fjalla um aldursflokka felldar niður þar sem tekið er á því í reglugerð 26. um aldursflokka. Orðalag um verðlaun breytt, en ekki efnislegar breytingar. Ekki lengur gerð krafa um félagsbúninga.

3. Leiðrétt sumarið 2025 því krafan um félagsbúninga var tekin út fyrir mistök eftir formannafund í desember 2024. Kröfunni um félagsbúninga því bætt inn á nýjan leik.